

Nd.

286. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fjórum fundum sínum. Hún hefur sent frv. til umsagnar til eftirtalinna aðila: Rannsóknaráðs ríkisins, iðnaðardeildar atvinnudeildar Háskóla Íslands, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands, Arkitektafélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Hafa allir þessir aðilar sent umsagnir um frv. til nefndarinnar og hún athugað þær og rætt mjög ýtarlega. Rannsóknaráð ríkisins sendi nefndinni enn fremur „áætlun um rannsóknir til endurbóta á byggingarháttum og lækkunar á byggingarkostnaði“. Í þessum gögnum er tekið fram, að kostnaður við byggingarefnarannsóknir sé nú 400 þús. kr. á ári fyrir utan rannsóknir samkvæmt samningum við vegagerð ríkisins og ræktunarsjóð. En heildarframlög frá ríki og ríkisstofnunum til þessara mála eru 700 þús. kr. á yfirstandandi ári. Telur rannsóknaráðið, sem samþykkt hefur áætlunina, að þessi upphæð þurfi að hækka upp í 1.3 millj., til þess að unnt sé að framkvæma áætlunina að fullu.

Umsagnir þær, sem nefndinni hafa borizt og getið er um hér að framan, eru í heild svo mikið lesmál, að meiri hl. n. telur ekki rétt að láta þau skjöl öll birtast með nál. sem fylgiskjöl. Hins vegar er rétt, að hér komi fram, að tveir af þessum aðilum, rannsóknaráðið og iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, benda á, að eðlilegt sé að skipta kostnaðinum á milli ríkisins og byggjenda og því þurfti að athuga breytingar á frv. og ákveða, hvernig sú skipting skuli vera. Aðrir tveir aðilar, Verkfræðingafélagið og Arkitektafélagið, láta ekkert álit í ljós um það, hvort tekjuþörfin skuli leyst á þann hátt, sem frv. mælir fyrir um, en tveir aðilar, Húsnæðismálastofnunin og Iðnaðarmálastofnunin, leggja beinlínis til, að samþykkt frv. verði frestað, m. a. vegna þess, að málið sé í undirbúningi hjá atvinnumálanefnd ríkisins, sem þegar hafi sent ríkisstjórninni tillögur sínar til tekjuöflunar í þessu skyni.

Með tilvísun til þessa leggur meiri hl. n. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 25. jan. 1961.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

Birgir Finnsson,  
fundaskr.

Guðl. Gíslason.